



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Þjónustusamningur um Iðnó***

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs þ. 14. júní sl. var samstarfssamningur um rekstur Iðnó lagður fram og samþykktur samhljóða. Samningnum er hér með vísað til borgarráðs til staðfestingar.

f.h. menningar,- íþróttá og tómstundaráðs

Lilja Björk Björnsdóttir  
verkefnastjóri  
skrifstofa Menningar- og ferðamálasvið

Hjálagt:  
Samstarfssamningur um rekstur Iðnó dags. 14. júní 2021

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269- 7609, annars vegar og Rvk Tjörn ehf kt.: 520521-2320 hins vegar gera með sér eftirfarandi

## Samstarfssamning um rekstur Iðnó

### 1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Markmið Reykjavíkurborgar með útleigu Iðnó er að:

- Iðnó verði opin og lifandi miðstöð menningarstarfs sem laði að sér breiðan hóp gesta.
- Menningarstarfsemi Iðnó verði af þeim meiddi að hún auki fjölbreytni í menningarlandslagi miðborgarinnar.
- Allri starfsemi í húsinu verði hagað á þann veg sem hæfir merkri sögu þess, byggingagerð og staðsetningu í hjarta borgarinnar. Fyllsta tillit sé tekið til þessa í innréttingum, tæknibúnaði, rekstri og umgengni.

### 2. gr. Starfsemi og markmið leigutaka

Markmið leigutaka er að:

- Iðnó verði aðgengilegt og opið og hýsi margskonar viðburði s.s. listviðburði, fundi, veislur og mannfagnaði hverskonar.
- Iðnó verði menningarmiðstöð með blöndu sviðslista, tónlistar, dans, leiklistar og hins talaða orðs.
- Iðnó verði í hugum fólks fyrsti kostur þegar kemur að viðburðahaldi af ákveðinni stærðargráðu í miðborginni.
- Barnamenning skipi sérstakan heiðursess í starfsemi hússins

Fyrirhuguð starfsemi í Iðnó:

**Veitingar:** Áætlað er að reka kaffi/veitingahús á 1. hæð sem mun bjóða upp á mat og drykk á viðráðanlegu verði. Stefnt er að því að það verði opið alla daga frá morgni til kvölds.

**Tónlist:** Stefnt er að reglulegum tónleikum og öðrum tónlistarviðburðum. Ætlan er að vera með færanlegt svið sem kæmi að góðum notum fyrir smærri viðburði í sölum sem og fyrir utan húsið þegar tækifæri gefst til. Áhersla yrði lögð á ólíkar stefnur tónlistar.

**Sviðslistir:** Stefnt er að því að sviðslistir eigi greiðan aðgang að Iðnó, einkum gæti húsið hentað fyrir einfaldari sýningar sem ekki krefjast viðamikilla leikmynda yfir lengri tíma. Þá verður Iðnó kynnt sérstaklega fyrir þeim sem leggja stund á danslistir og vonast er til samstarfs við bæði sjálfstæða listamenn og Íslenska dansflokkinn. Eins myndu reglulegar uppistandssýningar smellpassa við dagskrárhugmyndir í Iðnó.

**Barnamenning:** Stefnt er að því að gera barnamenningu hátt undir höfði í dagskrá Iðnó með þá að markmiði að barnafjölskyldur líti á Iðnó sem spennandi áfangastað.

**Æfingaaðstaða:** Stefnt er að því að bjóða listamönnum tímabundna æfingaaðstöðu í húsinu. Stóri salurinn á 1. hæð hentar frábærlega til æfinga fyrir listhópa af ýmsu tagi og salur á 2. hæð sömuleiðis. Hægt er að bæta hljóðeinangrun milli rýma með einföldum hætti, t.d. með sérstökum hljóðdempandi tjöldum.

**Annað:** Stefnt er að því að 3. hæð Iðnó hýsi skrifstofurými sem m.a. verði leigt listamanna. Vert er að geta þess að þeir viðburðir sem lengi hafa átt samastað í Iðnó, verða ávallt velkomnir og leitast verður við að halda þeim í húsinu.

### **3. gr. Húsaleiga og rekstur**

Húsaleigusamningur milli eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar og RVK Tjörn verður fylgiskjal með samningi þessum. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur sér um umsýslu hússins og viðhald þess. Umsjón með starfsemi hefur Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar í umboði menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar.

Húsið er friðlýst skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og tekur friðlýsing til innra skipulags og ytra borðs.

Rvk Tjörn ehf annast alla starfsemi sem fram fer í húsinu. Er þar átt við bæði veitingarekstur og menningartengda starfsemi. Rvk Tjörn ehf ber ábyrgð á leigugreiðslum og rekstri hússins gagnvart Reykjavíkurborg.

Rvk Tjörn ehf fær húsið afhent þ. 1. júlí 2021. Rvk Tjörn ehf greiðir 810 þús. kr. húsaleigu á mánuði miðað við að greiðslur hefjist 1. september 2021, en Menningar- og ferðamálasvið styrkir menningarstarfið með niðurgreiðslu á öðrum hluta húsaleigunnar. Leigan breytist mánaðarlega til hækkunar eða lækkunar með vísitölu neysliverðs til verðtryggingar.

Að loknu þriggja ára tímabili verður samkomulagið endurskoðað í samvinnu beggja aðila. Listræn, menningarleg og fjárhagsleg útkoma fyrstu þriggja rekstraráranna verði notuð til að komast að niðurstöðu um leiguverð í framhaldinu.

### **4. gr. Ábyrgð**

Rvk Tjörn ehf ber ábyrgð á rekstri Iðnó og að reksturinn fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Rvk Tjörn ehf ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Rvk Tjörn ehf er óheimilt að setja samning þennan til tryggingar fjárskuldbindingu.

### **5. gr. Upplýsingaskylda og eftirlit**

Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí árlega frá árinu 2022 þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna.

Rvk Tjörn ehf skilar þá Menningar- og ferðamálasviði endurskoðuðum ársreikningi yfir rekstur lðnó á liðnu ári og skýrslu um starfsemi hússins. Rvk Tjörn ehf kynnr þá jafnframt stöðu rekstrar og framgang áætlunar yfirstandandi árs, áætlun um rekstur og starfsemi komandi árs, samstarf við menningarlífið og áætlað umfang annarrar starfsemi í húsinu.

Hússtjórn skipuð fulltrúum menningar- og ferðamálasviðs, eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar auk rekstraðila lðnó fundar ársfjórðungslega þar sem farið er yfir dagskrá og rekstraráætlun rekstraraðila. Fulltrúi menningar- og ferðamálasviðs boðar til fundanna.

Telji Menningar- og ferðamálasvið misbrest á framkvæmd samningsins eða óviðunandi óvissu ríkja um rekstur lðnó ber því að tilkynna það menningar- og ferðamálaráði.

#### 6. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Rvk Tjörn ehf hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð hefur Rvk Tjörn ehf þrjá mánuði til að sýna fram á að hann muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

#### 7. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt Menningar-, íþróttá og tómstundaráðs dags. 26. apríl 2021. Samstarfssamningurinn tekur gildi 1. júlí 2021 og gildir til 5 ára eða til 1. september 2026 með möguleika á framlengingu í allt að þrjú ár til viðbótar.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### 8. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

Reykjavík, 14. júní 2021.

F.h. Reykjavíkurborgar

Manna Rut Reynisd.

F.h. Rvk Tjörn ehf

Ólafur Skarv

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

Kristín V. Jónsdóttir 151160-4419  
Manna Björgermannsd. 1302805799